

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga og  
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Rafrænn fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 25. nóvember 2022.

Fulltrúar LSS var: Bjarni Ingimarsson og Ásgeir Þórisson.

Fulltrúar SNS voru: Ellisif Tinna Víðisdóttir, Helgi Aðalsteinsson, Raket Guðmundsdóttir, Kolbeinn Guðmundsson og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

**1. Sveitarfélag – 4% persónuálag vegna bráðataeknináms**

Sveitarfélag hefur ekki ráðið starfsmenn inn í starfsheitið bráðataeknir og neitað að greiða persónuálag skv. 10.kafla. Óskum við eftir að SNS sendi erindi á fulltrúa Sveitarfélags og skerpi á mikilvægi þess að fara eftir gerðum kjarasamningi.

**Niðurstaða:**

Fulltrúar SNS áréttu að það er á borði einstakra sveitarfélaga að taka rekstrarlegar ákvarðanir s.s. í hvaða starfsheiti sveitarfélagið ræður starfsmenn. Þrátt fyrir að hafa lokið tilteknu námi á starfsmaður því ekki tilkall til tilheyrandi starfsheitis. Hafi starfsmaður hins vegar lokið námi er tengist starfi hans má umbuna honum fyrir námið samkvæmt ákvæðum 10. kafla kjarasamningsins.

**2. Yfirvinna 1-2**

Ný vaktkerfi geta valdið því að vinnuskil milli vikna og mánaða reiknast undir „fullu starfi“ þetta veldur því að yfirvinnutímar reiknast sem yfirvinna 1. Skilningur LSS er sá að öll vinna umfram vinnuskyldu 100% starfsmanna greiðist sem yfirvinna 2. Í fylgiskjali 3 er kveðið á um greiðslur fyrir yfirvinnu til starfsfólks í vaktavinnu og segir m.a.;

*Tímavinnukaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram 38,92 stundir á viku (168,63 stundir miðað við meðalmánuð).*

**Niðurstaða:**

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist fyrir vinnu umfram 38,92 stundir á viku (168,63 stundir miðað við meðalmánuð).

**3. Neysluhlé**

Starfsmenn SHS sem eru við störf á flutningsbílum (fyrirfram ákveðnir sjúkraflutningar, oftast milli stofnanna) eru að lenda í því endurtekið að fá ekki tækifæri til neysluhléa. LSS telur mikilvægt að rammi sé settur utan um neysluhlé þessarar þjónustu þar sem hún telst ekki til neyðarviðbragðs og krefst eingöngu skipulags að tryggja að starfsmenn fái neysluhlé á dagvinnutíma.

**Niðurstaða:**

Vaktavinnufólk á ekki samningsbundin neysluhlé, en samstarfsnefndin hvetur til þess að stofnunin finni lausn á þessu í samvinnu við starfsmenn.

**4. Laun á námstíma**

10.1.1 Starfsmenn sem sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið samkvæmt beiðni stofnunar sinnar skulu halda reglubundnum launum á meðan.

Í dag getur skapast mikið ósamræmi milli starfsmanna ef þeir eru teknir út af vöktum vegna námskeiða, vaktahvati og vaktaálag getur lækkað umtalsvert þannig að það er misjafnt á hvaða tímabili vaktarúllunnar starfsmenn eru teknir af vöktum hvernig það kemur út í launamyndunarkerfinu. LSS telur þetta geta brotið gegn meginreglu betri vinnutíma um jafnræði milli starfsmanna. Skilgreina þarf hvað eru „reglubundin laun“ til samræmis við nýtt launamyndunarkerfi.

**Tillaga LSS :** Með reglubundnum launum er átt við þau laun sem starfsmaður á rétt á miðað við vaktatöflu, starfsmaður heldur því vaktahvata og vaktaálagi fyrir þær vaktir sem hann vinnur ekki. Á þetta við þegar starfsmaður er í launuðu leyfi að beiðni stofnunar.

**Niðurstaða:**

Málið rætt og verður til áframhaldandi umræðu á næsta fundi nefndarinnar.

**5. Kynning og heimsókn til slökkviliða**

Markmiðið var að kynna fyrir sveitarfélögum nýjan kjarasamning stjórnenda og fara sömuleiðis yfir brottfall 14. kafla og áhrif þess. Þurfum að ræða hvort við getum náð einhverjum markmiðum ferðarinnar án ferðalaga, endurmetum síðan eftir kjarasamningatörnina hvort þá sé aftur farið í að skipuleggja túr.

**Niðurstaða:**

Aðilar munu eiga samvinnu um undirbúning kynningarfundanna.

**6. Persónuálag vegna fyrir starfa**

Erindi frá LSS. Í grein. 10.2.2 segir:

*Við mat á starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum til persónuálags getur sveitarfélag krafist starfsmann um gögn sem staðfesta þann starfstíma (vinnuveitendavottorð). Hækkun vegna starfstíma kemur til framkvæmda næstu mánaðarmót eftir að fullnægjandi gögn hafa borist vinnuveitanda.*

Það eru fordæmi fyrir því að starfsmenn fái metið starf hjá sama sveitarfélagi og ríki til persónuálags m.a. hjá SA og SHS. Samþykkt Akureyrarbæjar frá 21.12.2007 og gr. 10.2.2 í kjarasamningi Kjalara (störf hjá sveitarfélögum og/eða í öðrum sambærilegum störfum).

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefndin er sammála um að vísa málinu til komandi kjaraviðræðna aðila.

## 7. **Bakvaktir**

Erindi frá LSS. Sveitarfélag hefur ekki gert upp bakvaktir við alla starfsmenn slökkviliðsins sem tóku bakvaktir í sumar. Sveitarfélag er með drög af samkomulagi um bakvaktir.

### **Niðurstaða:**

Fulltrúar LSS senda SNS nánari upplýsingar og gögn um málið, sem hefur svo sambandið við sveitarfélagið í framhaldinu.

Fleira var ekki gert.